

þó þannig, að komi það í ljós við rannsókn máls, að hún gefi ótvírætt tilefni til höfð- 1
unar sakamáls, þá skal lögreglustjórinn víkja sæti og fá málið í hendur sýslumann- 3. jan.
inum í Ísafjarðarsýslu.

6. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hrepps-
nefndaroddvita í Hólshreppi og fer um þau störf hans að lögum. Hann á sæti á fund-
um hreppsnefndar Hólshrepps og í nefndum hennar og hefir þar óbundið málfrelsi
og tillögurétt, en fer eigi með atkvæði, nema hann sé einnig kosinn hreppsnefndar-
maður. Lögreglustjóri stjórnar hreppsnefndarfundum.

7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur löggilt lögreglustjórann sem fulltrúa sýslumannsins
í Ísafjarðarsýslu til þess að framkvæma ýms verk, sem lög nr. 79 frá 1919 heimila
að falin séu fulltrúum sýslumanna og bæjarfógeta.

8. gr.

Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt lögum nr. 14 1934, til að öðlast gildi
þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ

2

fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu.

6. jan.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefndin í Norður-Ísafjarðarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra fjallskila-
mála innan takmarka sýslunnar, eins þótt afréttir eða fénaður sé eign utansýslubúa.
Hún sker úr ágreiningi og kærumálum er til hennar verður skotið samkvæmt reglu-
gerð þessari.

2. gr.

Málefni þau, sem nefnd eru í 1. gr. standa undir umsjón og framkvæmd hrepps-
nefndanna í Norður-Ísafjarðarsýslu, hverrar í sínum hreppi. Þær skulu gæta þess að
reglugerðinni sé hlýtt, og ef eitthvað er vanrækt, af því, sem hún ákveður eða brotið
gegn fyrirmælum hennar, að fullar bætur komi fyrir. Hreppsnefndir, hver í sínum
hreppi, gera allar nánari ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt
reglugerð þessari eftir þörfum. Þær hafa úrskurðarvald í öllum ágreinings- og kær-
umálum innan hrepps. Úrskurðum þeirra má skjóta til sýslunefndar. Verði ágrein-
ingur milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum heyrir hann einnig undir úrskurð
sýslunefndar og skal sá úrskurður hennar vera bindandi fyrir málsaðila.

II. KAFLI

Um mörk og markaskrár.

3. gr.

Fjáreigandi hver skal hafa glöggst eyrnamark á fé sínu, geti hann það ekki skal hann brennimerkja það á hornum eða festa málmplötu í eyra eða horn eða járnklafa um háls með merki eiganda, en eigi hann kindur með vafamerki, skal hann lýsa skriflega fyrir hreppstjóra marki og auðkenni á þeim fyrir fyrstu leitir, ella fer um kindur þessar sem óskilafé.

4. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 5. hvert ár, — þegar ártalið stendur á hálfum eða heilum tug — og skal útgáfu og útsending lokið fyrir 30. ágúst það ár, sem skráin kemur út. Skal næsta markaskrá koma út árið 1940. Undirbúning að söfnun markanna skal hefja í byrjun næsta árs áður en skráin kemur út og vera lokið fyrir lok þess árs.

Sýslunefndin skipar mann, er sér um útgáfu, undirbúning, röðun og prentun skrárinnar. Greiða skal hver markeigandi gjald það, er sýslunefndin ákveður fyrir innfærslu marksins í skrána, og skal því varið til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráning og prentun. Hreppsnefndir annast um söfnun marka hver í sínum hreppi.

Ef gjaldið nemur meiru en kostnaði þessum, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það, er á vantar, úr sýslusjóði.

5. gr.

Nú flytur einhver inn í sýsluna, skal hann þá tilkynna mark sitt hreppsnefndum sýslunnar. Þeir sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar mega búast við að með fé þeirra verði farið sem óskilafé.

III. KAFLI

Um afréttir og upprekstrarlönd og fjársmalanir á vorum og sumrum.

6. gr.

Hreppsnefnd getur skipað fyrir um fjársmalanir á vorum til fráfærna á þeim tíma, sem hreppsbúar koma sér saman um fráfærur, og skulu hlutaðeigendur skyldir að hlýða fyrirskipunum hennar, sem um venjulegar haustleitir væri að ræða.

7. gr.

Hreppsbúar í þeim sveitum, sem nóg hafa afréttarlönd, skulu skyldir að reka þangað að vorinu allt geldfé sitt og ótamin hross, nema þeir, að álitu hreppsnefndar, hafi nægilegt fjalllendi fyrir sitt geldfé.

8. gr.

Nú eiga sveitir ekkert afréttarland, og nokkrir sveitarbúar oflitið eða ekkert upprekstrarland handa sauðfénaði sínum, en þó er nægilegt og gott upprekstrarland til í sveitinni, er einstakir menn eiga eða hafa umráð yfir og er þá, ef óskað er eftir, viðkomandi hreppsnefnd skylt að gangast fyrir samningaumleitunum um upprekstur fénaðar, enda komi hæfileg greiðsla fyrir uppreksturinn frá upprekstrarmönnum.

9. gr.

2

Enginn sauðfjáreigandi hefir leyfi til að smala upprekstrar- eða afréttarlönd án leyfis hreppsnefndar, eða þaðan taka sauðfénað sinn að sumri áður en fyrri leitir byrja samkvæmt 11. gr. En heimilt er hreppsnefnd að fyrirskipa leitir fyrir en venjulegar leitir eru ákveðnar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. jan.

IV. KAFLI

Um fjallskil og leitir.

10. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar að Kaldalóni skulu fram fara þrennar fjárleitir á hausti hverju, tvennar í hinum hluta sýslunnar. Hreppsnefndir hafa heimild til að kalla menn til aukaleita er þeim þykir þörf.

11. gr.

Í nyrðri hluta sýslunnar sbr. 10. gr. skal fyrsti leitardagurinn vera mánudagurinn í 21. vikunni, en í hinum hlutanum mánudagurinn í 22. vikunni. Seinni leitir fara fram eftir fyrirmælum hreppsnefndar.

12. gr.

Sérhver fjáreigandi, sem ekki er hjú, og á 3 kindur framgengnar, skal fjallskil gera samkvæmt skipun hreppsnefndar. Nú vanrækir fjáreigandi að leggja til menn í leitir, og skal hreppsnefnd sjá um, að hann greiði þau fjallskil, sem gerð eru á hans kostnað, sökum vanræksla þessarar, helmingi hærra verði en verðlagsskrárdagsverk N.-Ís. er árlega.

13. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefnd skal árlega í tæka tíð semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallgöngum og heimalandsgöngum skuli hagað. Skal hún útnefna einn eða fleiri leitarstjóra í hreppnum, eftir þörfum, sem stjórnir göngum leitmanna og annist um, að allt fari vel og skipulega fram.

14. gr.

Hver, sem fjallskil á að inna afhendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem með því að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og annað því um líkt. Láti einhver farast fyrir að senda mann í leit, eða gera önnur þau fjallskil, er hann hefir verið kvaddur til samkvæmt fjallskilaseðli og eigi má fresta, skal hann borga þá vinnu, sem framkvæmd er á hans kostnað, samkvæmt 12. gr. Ef einhver sendir mann í leit, sem leitarforingi og helmingur leitmanna á hans leitarsvæði, telur óhæfan sökum ófullkomleika eða illa útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá, er slíkan mann sendir, skyldur að borga eins og hann hefði engan sent. Sannist það eftir á, að einhver, sem fjallskil á að framkvæma, hafi vanrækt verk sitt, getur hreppsnefnd krafizt uppbótar frá honum eða þeim, sem sendi hann, eftir því sem hæfa þykir.

15. gr.

Áður en leit byrjar skal leitarforingi gæta þess í hæfilegan tíma, hvort nokkrum manni verði vísað frá, hvort nokkurn vantar eða annað, er til leitarinnar þarf. Kaupir hann þá mann eða annað, er til leitarinnar þarf, sem vantar, ef þörf krefur, og nokkur kostur er á. Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess að farið sé eftir fyrirskipunum hans, að úr sé bætt, ef eitthvað fer óskipulega fram, að ekki sé farið illa með skepnur, að fatlaðar kindur séu fluttar til byggða, að safnsins sé gætt vel þar til það

2 er í rétt komið og réttarstjóri tekur við stjórn, og yfir höfuð alls þess, er heyrir til 6. jan. góðu skipulagi í leitum.

16. gr.

Þar sem ekki er leitað til rétta, skal búandi hver nákvæmlega láta leita heima-land sitt og reka til réttar geldfénað allan, er þar finnst og hann og heimamenn hans ekki eiga.

17. gr.

Utansveitarmenn, sem geldfénað reka í sveitina til hagagöngu, skulu sem innan-sveitarmenn skyldir til að hlýða öllum fyrirskipunum hreppsnefndar, er að fjall-skilum láta.

V. KAFLI

Um réttir og réttahöld.

18. gr.

Í hreppi hverjum sé 1 eða 2 lögréttir og smáréttir svo margar, sem hreppsnefnd þykir þörf á.

Bændur þeir, er til smárétta sækja, skulu tafarlaust til lögréttar reka allan þann fénað úr smáréttum, er þeir eða nágrannar þeirra ekki eiga.

Lögréttir skulu vera sem næst afrétt sem kostur er á.

Skilarétt fer fram í lögrétt hverri í seinustu reglulegu leitum.

19. gr.

Á vorhreppaskilum ákveður hreppsnefnd í samráði við bændur, hvar réttir skuli vera í hreppnum. Hreppsnefnd sér um byggingu rétta og viðhald þeirra og jafnar byggingar- og viðhaldskostnaði þeirra niður á hreppsþúa eftir sauðfjárframtali þeirra það ár, sem rétt er byggð.

Þó má hreppsnefnd láta framkvæma smáviðgerðir á réttum á kostnað sveitar-sjóðs.

20. gr.

Valdi réttarbygging grasnámi eða jarðusla, skal það bæta landeiganda, ef kraf-ist er, eftir mati tveggja óvilhallra manna, er tilkvaddir séu af yfirvaldi eða dóm-kvaddir. Endurgjald til jarðeiganda sem og kostnaður af matsgerðinni greiðist af hlutaðeigandi sveitarsjóði.

21. gr.

Við rétt hverja skulu vera svo margir dilkar, sem hreppsnefnd telur þörf, til þess að sundurdráttur fjárins geti farið greiðlega fram. Um byggingu dilka og við-hald þeirra fer eftir ákvæðum 19. gr.

22. gr.

Réttarstæði má hreppsnefnd breyta hafi $\frac{2}{3}$ fjallskilaskyldra búenda í réttarfé-lagi samþykkt það. Sé réttarstæði breytt, skal það auglýst í nærliggjandi hreppum. Eigi má synja um réttarstæði þar sem hreppsnefnd ákveður, ef eigi er ræktað land.

23. gr.

Við rétt hverja skal hreppsnefnd skipa réttarstjóra á sína ábyrgð. Réttarstjóri skal sjá um, að innrekstur fjárins byrji svo tímanlega sem hægt er og sundurdrátt-ur fjárins fari greiðlega fram. Eru leitarmenn og fjáreigendur skyldir að hlýða fyr-irskipunum hans, meðan á sundurdrætti fjárins stendur. Heimilt er réttarstjóra að láta kanna fé í dilkum, ef honum þykir þörf eða þess er krafist. Hann skal ráðstafa

fé því, er ekki er tekið í réttum og óskilafé, og yfir höfuð sjá um góða reglu í rétt- 2
um.

6. jan.

24. gr.

Réttarstjóri sér um, að allir markleysingar (ómarkaðir og eyrnaskemmdir) er í safni finnast séu dregnir sér í dilk, og skal þeim, er þess óska, gefinn kostur á að láta ær helga sér lömb sín, sem og koma fram með sönnun fyrir eignarrétti sínum á kindinni, með sérstökum einkennum eða öðru, undir umsjón manns, sem hreppsnefnd hefir til þess skipað. Ber honum ásamt réttarstjóra eða hreppstjóra að úrskurða um, hvort ær hafi helgað sér markleysing eða aðrar sannanir fyrir eignarréttinum séu teknar gildar.

25. gr.

Réttarstjóra ber að annast um, að dreginn sé allur sá fénaður, er séð verður hvar á heima, eftir markaskrár eða þekking áreiðanlegra manna og sem viðstaddir menn fást til að hirða og trúa má fyrir að koma til skila. Má enginn, sem til þess er kvaddur, skorast undan aðstoð við þetta.

Við drátt fénaðar gengur hornamark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimerki, ef eigi eiga fleiri hið sama, fyrir eyrna- og hornmarki, og greinilega áletrað spjald fyrir öðrum merkjum og mörkum. Þó er sá, sem forgangsmerkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess er krafist, hvernig hann hafi eignast skepnuna, og svo hver annar eigandi merkja.

Enginn má marka kind eða merkja á rétt, nema undir umsjá réttarstjóra.

26. gr.

Í hverri rétt sé við hendina markaskrá sýslunnar ásamt markaskrár nærliggjandi sýslna, og annast hreppsnefnd um útvegum þeirra. Gamla markaskrár falla úr gildi sem sönnunargagn fyrir eignarrétti á sauðfé, jafnskjótt og nýjum markaskrár hefir verið útbýtt.

27. gr.

Þeir, sem taka við rekstrum í réttum, skulu reka þá þangað, er réttarstjóri ákveður. Fjárrekstrar að haustlagi skulu ganga bæ frá bæ sem beinasta leið áleiðis, og er hver búandi skyldur að annast þá til næsta búanda. Skulu þeir látnir ganga svo greiðlega sem verða má. Sé illa farið með fé í rekstrum eða þeim týnt, varðar það sektum samkvæmt 33. gr.

28. gr.

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar getur hreppsnefnd, ef henni þykir ástæða til, látið gera enn eina leit á leitarsvæði þau, er hún á um að sjá. Til þeirrar leitar skulu fjáreigendur leggja menn til leitar, sem um venjulegar haustleitir væri að ræða. Heimilt er einstökum mönnum að gera eftirleit, þó eigi fyr en hreppsnefnd hefir látið gera slíka leit, eða vissa er fyrir því, að leit verði ekki gerð að ráðstöfun hreppsnefndar. Finni einstakir menn fénað á afrétti eftir 1. nóv., er þeim heimilt að taka fundarlaun; náist ekki samkomulag um þau við eiganda, metur hreppsnefnd fundarlaunin, en ekki mega þau hærri vera en $\frac{1}{4}$ af verði kindarinnar.

VI. KAFLI

Um meðferð óskilafénaðar og klettafé.

29. gr.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, svo og ómerkingar allir, sem ær ekki helga sér, sbr. 24. gr. Óskilafé skal selt af hreppstjóra við opinbert uppboð í skilarétt. Andvirði þess innheimtir hreppstjóri, en hreppsnefnd geymir það

2 til 1. september næsta ár á eftir. Hreppstjóri sendir oddvita sýslunefndar fyrir lok 6. jan. nóvember, til birtingar í Lögbirtingablaðinu, lýsingu óskilafjár. Andvirði þess óskilafjár, sem enginn gefur sig fram sem eiganda að fyrir 1. september næsta ár, rennur í sveitarsjóð. Hreppsnefnd annast geymslu óskilafjár á milli leita. Hún ráðstafar fé úr öðrum hreppum og sýslum, sem óráðstafað er af eigendum í lög-rétt hverri.

30. gr.

Finnist óskilafé eftir síðustu leitir, skal sá er finnur tafarlaust koma því til hreppstjóra, er selur það á opinberu upboði, svo fljótt sem verða má, að undan-genginni venjulegri uppbóðsbirting. Hreppstjóri geymir óskilafé er þannig finnst, til þess það er boðið upp. Geymslukostnaður á öllu óskilfé, og öðru fé er hrepps-nefnd geymir, er 10 aurar á kind um sólarhringinn, þó ekki meira en 2 kr. alls af kindinni. Eigendur fjár, sem í geymslu er, skulu greiða geymslukostnað, ella má halda eftir af fénu því, er geymslukostnaði nemur, og skal það selt á uppbóði og eigendum skilað afgangi andvirðis hins þannig kyrrsetta fjár, ef nokkur er.

31. gr.

Nú finnur landeigandi fé annars manns í landi sínu eftir síðustu leitir, og þegar farið er að taka fé að, og skal hann halda því til skila til eiganda, sé hann innan-hrepps, en ella til hreppstjóra, er ráðstafar því samkvæmt 30. gr.

32. gr.

Nú hleypur fé í kletta, sem það kemst ekki úr sjálft, og skal þá hreppsnefnd semja við menn um að ná því þaðan, ef óskað er. Skal fjáreiganda skylt að greiða björgunarlaun og skulu þau eigi vera lægri en helmingur andvirðis kindarinnar.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði.

33. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, frá 10 til 200 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

34. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

35. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Norður-Ísafjarðarsýslu um fjallskil, nr. 69 frá 6. ágúst 1925.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu hefir samið og sam-þykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 til að öðlast gildi 1. febrúar 1938, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1938.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.